



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Garðaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat Austurdeildar	10
4 Innra mat Vesturdeildar	11
5 Innra mat sérkennslu.....	12
5 Innra mat – fjöltyngd börn	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	15
8 Foreldrasamvinna	15
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	17
10 Fylgigögn.....	17
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	17
Umsögn foreldraráðs.....	18



Leiðarljós leikskólans

Lýðræði – Vinátta - Efniviður

1 Greinargerð leikskólastjóra

Síðasta skólaár hefur gengið eins vel og kostur var á. Auðvitað hafa verið upp og niður sveiflur eins og gengur og gerist þegar heimsfaraldur er í gangi. Okkur til mikillar ánægju var byrjað var framkvæmdum í garðinum en þær byrjaðu í ágústmánuði og var lokið í enda nóvember. Ákveðið var að taka allan garðinn í gegn en ekki helminginn eins og til stóð og eru allir mjög ánægðir með það í dag sérstaklega börnin. Samskipti gengu almennt vel í sambandi við vinnuna í garðinum en lítilsháttar breytingar voru gerðar frá upprunalegi útfærslu s.s á kastalanum til að minnka líkur á fallhættu. Óneitanlega tóku framkvæmdirnar á alla í skólanum en til að leysa plássleysið var meðal annars farið á leiksvæði í nærliggjandi hverfi. Haustið fór af stað með aðlögun nýrra barna sem byrjaði fyrr en áætlað var, í ágústmánuði, sem var óvenjuleg því það voru takmarkanir í gildi og höfðu áhrif á fyrirkomulag aðlögunar en hún fór að mestu leiti fram úti, sem gekk ótrúlega vel þar sem hluti af garðinum var undirlagður vinnuvélum og vinnumönnum.

Við fengum, líkt og aðrir skólar það verkefni í hendurnar að leysa styttingu vinnuvikunnar. Það var heljarinnar hausverkur, sem má segja að sé enn í gangi og þó svo að verkefnið hafi verið leyst á ákveðinn hátt um áramótin erum við enn að máta okkur við það og ekki búin að taka lokaniðurstöðu í því máli. Almenn ánægja meðal starfsmanna er með styttingu vinnuvikunnar. Starfsmannahald hefur ekki verið með svipuðu sniði og áður, því eins og gengur að gerist verða breytingar í lífi fólks og ákveður að finna sér annan starfsvettvang. Tveir starfsmenn fóru í fæðingarorlof en koma til baka í haust, tveir aðrir starfsmenn ákváðu að skipta um vinnustað og tveir starfsmenn sem voru ráðnir stöldruðu stutt við. Þetta rót hafði sitt að segja í starfsmannahópinn og sérstaklega til barnanna en við náðum að ráða til okkar gott fólk. Veikindatíðni starfsfólks hefur verið svipuð og árið á undan.

Þegar líða fór að jólum var ákveðið að endurnýja búnað í starfsmannaaðstöðu sem var löngu kominn á tíma. Um áramótin komu iðnaðarmenn í hrönnum í bygginguna til að breyta og bæta aðstöðu á deildum en meðal annars voru milli loft tekin á deildum og veggir settir á milli herbergjanna. Þetta breytti hljóðvist til muna og létti gríðarlega mikið á umhverfi deildanna. Gluggaskipti voru á suðurhlið skólans á svipuðum tíma og smiðir voru staddir í húsi. Það var margt um manninn og plássið sem börnin höfðu minnkaði með hverjum iðnaðarmanninum. Þetta varð til þess að flytja þurfti eldri deildina í skátaheimilið sem er í næsta húsi og vorum við svo heppin að húsnaðið var laust.

Börnunum þótti þetta góð tilbreyting og gekk þetta nokkuð vel fyrir sig en auðvitað voru allir fegnir



að komast aftur í sitt hús. Enn erum við þó að glíma við leka á suðurhlið hússins þrátt fyrir gluggaskipti en vonum að þær framkvæmdir sem eru núna á húsinu muni ljúka því ævintýri.

Vissulega vonuðu flestir að fá bólusetningu með fyrstu skipunum í byrjun árs en þegar það var ljóst að nokkrir mánuðir væru í okkur, var ekkert annað að gera en að halda áfram að berjast við veiruna og vona það besta.

Undanfarin ár hafa leiðarljós leikskólans verið *Lýðræði – Barnasáttmáli– Efniviður*. Í vor var ákveðið var að skipta út einu leiðarljósi þar sem starfsfólk hefur ekki náð að tileinka sér eða vinna eins mikið með það og vonast var til. Stjórnendur Garðaborgar tóku þá ákvörðun í vor að skipta út *Barnasáttmálinn* fyrir *Vináttu* því það er markvisst verið að vinna með hana í starfinu og við trúum því, að vera félagslega sterkur sé mikilvægt fyrir alla einstaklinga að hafa með sér í lífinu.

Starfsfólk hefur tekið þátt í Menntastefnu Reykjavíkurborgar og hefur skólinn verið að vinna með félagsfærni og sjálfsefningu síðastliðin tvö ár. Í sameiningu var ákveðið að taka fyrir Læsi og hefst sú vinna í haust. Sótt hefur verið um styrk úr Þróunar-og nýsköpunarsjóði Skóla-og frístundaráðs til að vinna að innleiðingu menntastefnu í Reykjavík og verður styrkurinn nýttur til að fá aukna fræðslu um læsi til starfsfólks sem og efnivið sem þarf að bæta við í leikskólann.

Þrátt fyrir heimsfaraldur og takmarkanir sem því fylgdi náðist að halda í einhverja fasta liði og menningu leikskólastarfsins. Til að mynda fóru elstu börnin einu sinni í viku, ákveðið tímabil í vetur, til Einars í Víkingsheimilinu til að fá útrás fyrir hreyfipörf sinni. Kakó í garðinum var með hefðbundnu sniði fyrir utan þátttöku foreldra, en jólasveinar komu í heimsókn, sungu og gáfu börnunum smá glaðning en héldu fjarlægðarmörkum eins og þeim einum er lagið. Fyrir öskudaginn er hefð í Garðaborg að börnin búi til sína eigin öskudagsbúninga og sjálfan öskudaginn halda börnin sýningu fyrir hvert annað og stíga dans í salnum. „Kynslóðir leika“ sem samstarfsverkefni fjögurra ára barna skólans þar sem þau heimsóttu sjálfboðaliða frá Furugerði og unnu saman að verkefnum við Furugerði. Því miður varð ekkert úr þessu á síðasta ári en ákveðið verður í haust með framhaldið. Útskrift elstu barnanna var haldin í lok maí mánaðar ásamt foreldrum og um miðjan júní var haldin sumarhátíð þar sem foreldrafélagið bauð upp á leiksýningu og foreldrar, börn og starfsfólk áttu notalega stund í lok dags.

Þrátt fyrir hin ýmsu verkefni og breyttar aðstæður, sem reyndist starfsfólki, foreldrum og börnum miserfitt þar sem heimsfaraldur var mikill og hafði áhrif á skólabraginn og skólastarfið. Allir gerðu sitt besta í erfiðum aðstæðum og á fólk hrós skilið fyrir það. Við hlökkum til komandi skólaárs, reynslunni ríkari og með þá von að engar takmarkanir verði og skólastarfið í heild sinni geti verið með hinu eðlilegasta móti.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Málörvun tvítyngdra barna.	Fundur með stjórnendum	Stjórnendur	Málörvun er ekki nægilega mikil fyrir börn sem eru með annað tungumál en íslensku. Erfitt reynist að halda henni í dagskipulaginu ef vantar starfsfólk í hús.
Starfsmannahandbók.	Stjórnenda-fundur.	Starfsmenn og stjórnendur	Textinn var of viðamikill og þurfti að vera einfaldari og skýrari. Minnka umfang handbókar.
Kynning fyrir nýja foreldra.	Stjórnendafundur	Stjórnendur	Hugleiðing um hvort aðlögunar tími nýrra barna sé nægilegur og það er engin foreldrahandbók til. Upplýsingar til foreldra virðast ekki vera að skila sér til þeirra. Þá er sérstaklega verið að hugsa um aðlögun inn á yngri deildina þar sem verið er að aðlaga mörg börn í einu.
Samfélagsmiðill	Stjórnendafundur	Stjórnendur	Heimasíðan er ekki virk(erfið umfangs og þarf uppfærslu) Spurning um að nota Facebook – like síðu sem tilkynningarsíðu til foreldra.
Gildi skólans	Stjórnendafundur	Stjórnendur	Viljum hafa gildi sem sýna hvað við stöndum fyrir.




Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun	Viðhorfskönnun í tölvupósti til starfsmanna Reykjavíkurborgar	Starfsmenn sem tóku þátt í könnuninni.	Styrkleikar: Meðalskor allra þátta fór úr 4,02 í 4,20. Hækkun var í flestum þáttum. Veikleikar: Fræðsla, þjálfun og móttaka nýliða var svipað og áður, þ.e.a.s undir 4 stigum og einn þáttur hafði lækkað frá fyrra ári.
Foreldrakönnun	Viðhorfskönnun foreldra leikskólabarna	Foreldrar	Styrkleikar: Heildaránægja með leikskólann er 4,35 sem við teljum gott. Veikleikar: Lækkun var í flestum þáttum.


Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Skóla og frístundasvið framkvæmdi viðhorfskönnun meðal starfsmann sem skilað var í lok apríl. Tilgangur könnunarinnar var að fá fram viðhorf starfsmann til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttar. Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin var í formi spurningalista og var rafræn. Könnunin kom vel út og er hækkun í flestum þáttum frá síðasta ári. Helstu niðurstöður eru hér fyrir neðan en hæsta gildi er 5. Í ljósi niðurstaðna könnunarinnar hefur verið ákveðið að bæta úr móttöku og betra utanumhald við nýtt starfsfólk skólans.





Skóla og frístundasvið framkvæmdi einnig viðhorfskönnun meðal foreldra sem var skilað til leikskóla um miðjan maí. Tilgangur var að fá fram viðhorf foreldra til leikskólans, dagleg starfs, skipulags, samskipta og upplýsingaflæðis. Covid, takmarkanir og líðan foreldra hefur eflaust haft áhrif á niðurstöður könnunarinnar en engu að síður munum við reyna að bæta úr þeim þáttum sem fyrir neðan gildi 4. Út frá þessari viðhorfskönnun foreldra hefur verið tekin sú ákvörðun að skerpa á upplýsingum með helstu atburðum hvers dags, til foreldrar á upplýsingatöflu sem er í fataklefa barnanna. Þar er einnig að finna dagskipulag og viðburðardagatal. Stefnt er að því að setja á laggirnar *Like* síðu á Facebook fyrir foreldra þar sem settar verða inn tilkynningar. Deildarstjórar munu halda áfram að senda tölvupósta vikulega, þar verður vísað í oftast í viðburðadagatalið og reynt að koma því daglega málnotkun í starfsmann og foreldrahópnum. Foreldraviðtöl eru í afmælistánuði barnsins en alltaf er hægt að fá spjall við deildarstjóra til að ræða þroska, líðan og nám barnsins. Deildastjórar leggja upp með að vera í góðum samskiptum við foreldra og bjóða reglulega upp á foreldraviðtöl við foreldra þó ekki sé afmælistánuður barnsins t.d. stuttu eftir að barn flytur á milli deilda eða ef aðlögun hefur reynst barninu áskorun.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Móttaka nýrra starfsmanna.	Meiri og betri upplýsingar og þjálfun nýrra starfsmanna	Að fara eftir þjálfunar áætlun og móttöku nýliða, hvort sem þeir eru íslenskir eða af erlendum uppruna.	Leikskóla stjóri, aðstoðar leikskóla stjóri og deildar stjórar.	Ágúst '21	Jún '22	Eftirfylgni á stjórnenda fundum, endurmat fyrir áramót og að vori.	Viðhorfs könnun starfsmanna að vori.
Uppeldis- og menntastarf							
Læsi 	Þáttur í Menntastefnu Reykjavíkur borgar	Innleiðing á: <i>Lubbi finnur málbein</i>	Deildarstjóri og Guðrún María Stefánsdóttir, nemi í leikskólaliðanámi.	Sep '21	Júl '22	Skimanir á börnum og notast verður við; Hljóm-2, TRAS, Efi, íslenska málahljóðalistiann. Skráningar sem fara í ferilmöppu barnanna.	Áhugi barnanna. Útkoma úr skimunum er, sérstaklega HLJÓM-2.

Mannauður/ Leikskóla bragur							
Meiri jákvæðni og gleði starfsmanna	Vantar meiri gleði legar stundir í leikskólann.	Að starfs- menn séu meiri þáttta kendur í öðruvísi dögum sem eru í skólanum	Allir starfsmenn. Skemmtinef nd. Leikskólastjó ri	Sep'2 1	Jún '22	Almenn ánægja í starfsmanna hópnum	Viðhorfskönnun Starfsmannasam töl að hausti og vori.
Innra mat							
Upplýsingaflæ ði til foreldra.	Að auka og bæta upplýsingafl æði til foreldra	Facebook Like -síða. Lagfæra heimasíðu u leikskólan s. Áfram verða sendir póstar frá deilda stjórum til foreldra. Er nú fast einu sinni í viku.	Setja upp síðu fyrir leikskólann á facebook þar sem tilkynningar verða settar inn. Að virkja heimasíðu skólans.	Ágú '21	Júl '22		Viðhorfskönnun foreldra vorið 2022. Foreldraviðtöl við deildarstjóra.



3 Innra mat Austurdeildar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lestur bóka	Að lesið sé meira af bókum fyrir börnin	Setja inn í hópastarf lestrarstundir Einnig í samverustundum	Hópstjórar bera ábyrgð á sínum hópi	Okt 2021	Mái '22	Hópstjórar safna gögnum frá sínum hópum	Að lesið sé a.m.k. 2 svar í viku í hópastarfi
Þemadagar á skóladagatali	Að unnið sé markvisst með þema sérmerktra daga á skóladagatali	Merkja inn í dagbækur svo hægt sé að vinna meira markvisst dagana í kringum þessa daga.	Deildarstjórar sjá til þess að fylgja þessu eftir.	Sept '21	Mái '21	Meta mánaðarlega þá daga sem koma fyrir á skóladagatalinu	Að a.m.k. sé unnið eitthvað í kringum alla litadaga á dagatali.
Sameiginlegar stundir deildanna	Að deildirnar hittist og hafi sameiginlegar söngstundir	Merkja fyrirfram í dagbækur t.d. annan hvern föstudag.	Allir starfsmenn á deildum.	Október 2021	Mái 2022	Nota dagbækur og haka við hvort fyrirfam ákveðinn söngfundur hafi verið framkvæmdur	Að ná sameiginlegum söngstundum 1 sinni í mánuði.

4 Innra mat Vesturdeildar

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Þemadagar á skóladagatali	Að unnið sé markvisst með þema sérmerкта daga á skóladagatali	Merkja inn í dagbækur svo hægt sé að vinna markvissara í kringum þessa daga.	Deildastjórar fylgja þessu eftir á deildafundu m og að út deilda verkefnum til starfsmanna.	Sept 2021	Maí 2022	Mánaðarlega þá daga sem eru hverju sinni. Rætt á deildafundum og notuð endurmatsblöð frá síðasta vetri.	Að eitthvað sé gert með börnunum í þemanu eða vakni athygli á sérstöðu hvers dags með ólíkum hætti.
Sameiginlegar stundir milli deilda	Að deildarnar hittist og hefi sameiginlega samverustundi r	Merkja í dagbækur og tala um á stjórafundum í byrjun hverrar viku	Allir starfsmenn á deildunum	Okt 2021	Maí 2022	Nota dagbækur og haka við hvort fyrir fram ákveðnar sameiginlegar samverur voru framkvæmdar.	Að hafa sameiginleg a samveru að minnsta kosti 1 sinni í mánuði.
Samvera í hópastarfi með Blæ	Að hafa Blæstund 1x í viku hjá öllum hópum	Rætt á deildarfundu m og kynnt vel	Allir starfsmenn á deildinni	Sept 2021	Maí 2022	Skrá á vikudagatal sem er í fataklefa deildarinnar. Þannig látum við foreldra fá betri upplýsingar um hvað sé um að vera í leikskólanum.	Það þarf að vera Blæstund þrisvar sinnum í mánuði svo að markmiði sé náð. (nema í desember).
Sýnilegt vikudagatal í fataklefa.	Setja upp vikudagatal í fataklefa svo foreldar sjái hvað er um að vera í starfi deildarinnar	Merkja inn á vikudagatalið svo upplýsingar berist til foreldra.	Allir starfsmenn deildarinnar	Sep 2021	Maí 2022	Vikudagatölin skoðuð og athuga hve mikið ver fyllt inn í þau.	Miðla þarf upplýsingum á vikudagatali ð fjórum sinnum í hverri viku.



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Ekkert barn var með stuðning í vetur, hins vegar voru 15 tvítyngd börn sem þurftu mismikla málörvun. Málörvun var veitt í hópastarfi, í minni hópum eða einstaklings. Gerð var athugun á nokkrum börnum og því var fylgt eftir með því að senda tilvísun á hegðunarráðgjafa.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Hljóm-2 var gert á elstu börnunum í sept. 2020 og endurtekið fyrir þau sem þurftu, í jan./feb. 2021. EFL er tekið á öllum börnum sem voru orðin 3,6 eða meira. Einnig er notast við TRAS sem er gert reglulega á börnunum til að skoða þroskasögu þeirra. Eftir áramót hafa verið sendar nokkrar tilvísanir og er 1 barn komið í ferli hjá sérkennsluráðgjafa. Önnur bíða eftir að komast að hjá talmeinafræðing og/eða sálfræðiathugun. Ekki hefur verið notast við einstaklingsnámskrár.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Notast var við málörvunarnámsgögn sem eru til staðar og eitthvað var hannað á staðnum.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TRAS	Að unnið sé með snemmtæka íhlutun.	Að skrá í TRAS blöð hjá öllum börnum leik-skólans	Deildar-stjórar og sérkennslu-stjóri. Einnig er leitað til þeirra starfsmanna sem eru hópstjórar barna og eru í mestum samkiptum við þau	Sept '21	Jún '22	Endurmat í maí.	Meiri eftirfylgni með þroska barna. Grípa strax inn í ef þurfa þykir.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í sérkennslugögn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er gert í öllu daglegur starfi dagsins. Unnið er með <i>Gefðu 10</i> en ekki skráð niður hver eða hversu mikið.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með því að lesa fjölbreyttar bækur og ræða um innihald þeirra, spila með börnunum og æfa þau í að tjá sig fyrir framan aðra.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Höfum EFI og TRAS til að meta framfarir fjöltyngdra barna en þess fyrir utan fylgjumst með framförum barnanna í daglegri umgengi við þau.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Það er meðal annars gert með því að fylgjast með barninu hvort það er í eðlilegum tjáskiptum við önnur börn og starfsfólk.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun Barna með annað móðurmál en íslensku.	Auka málörvunar Stundum og gæðamálörvunar inni á deildum.	Gæðalestur, gefðu 10, málörvun í litlum hóp eða einstaklingum.	Deildarstjóri, starfsmenn og sérkennslustjóri	Sep '21	Júl '22	TRAS, Hljóm-2, EFI, íslenski málhljóðalistinn. Samtal við deildarstjóra/sérkennslustjóra/starfsmenn	

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í leikskólanum voru 15 tvítyngd börn í vetur og tala þau ensku, pólsku, þýsku, hollensku, víetnömsku, spænsku, mongólska, filippíska/tagalog, rúmenska og swahili. Börnin hafa verið í hóp eða ein í málörvun. Unnið er að því að auka orðaforða, málskilning og tjáningu. Einnig að það sé heild í frásögn. Notast hefur verið með þau gögn sem eru til staðar á leikskólanum. Einnig hefur sérkennslustjóri útbúið kennslugögn. Samskipti við foreldra er góð og hefur deildarstjóri í flestum



tilfellum haft frumkvæði að þeim. Ekki hefur verið notast við samskiptabækur né gerðar einstaklingsnámskrár.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á síðastliðnu skólaári fór fram eitt starfsþróunarsamtal við hvern starfsmann sem var búinn að vera lengur en 3 mánuðir. Ástæðan er meðal annars vegna tímaleysi og ekki nægilegt skipulag í byrjun skólaárs. Á komandi ári er stefnt að því að hafa að minnsta kosti tvö starfsmannasamtöl ef ekki fleiri við hvern starfsmann. Eins er ætlunin að hafa oftari samtöl við nýtt starfsfólk og fylgja eftir móttöku nýliða betur eftir og verður það skrásett í dagbók leikskólastjóra hvenær slík samtöl fara fram. Óhætt er að segja að heimsfaraldurinn hafi sett strik í reikninginn hvað þetta varðar.

Við fengum til okkar gott fólk á starfsdögum á síðasta skólaári. Í byrjun skólaárs 2020 fengum við samskiptafyrirlestur frá Guðnýju Reynisdóttur mannauðsráðgjafa SFS þar sem hún fór yfir samskipti á vinnustað.

Í októbermánuði fengum við fyrirlestur frá Barnaverndarstofu Reykjavíkurborgar sem fór yfir helstu atriði er koma að tilkynningu til Barnaverndar og hvernig skipulagið á því er. Fyrirlestur frá Miðju máls og læsis var einnig á þeim degi sem og Saga Stephensen fræddi okkur um fjölmenningu.

Á starfsdegi í nóvember og mars kom Vanda Sigurgeirs til okkar og fræddi okkur um félagsfærni barna og veitti starfsfólki þau verkfæri til að sigta börn út sem eru ekki nægilega sterk félagslega og hvernig hægt er að aðstoða þau til að öðlast betri sess í barnahópnum. Einnig ætluðum við að senda starfsfólk á námskeið hjá KVAN í verkfærakistu sem er boðið upp á þar en því miður náðist það ekki vegna Covid aðstæðna.

Í janúar hafði undirrituð samband við Ingibjörgu Gísladóttur, mannauðsráðgjafa hjá SFS og fékk ráðleggingar fyrir skipulagsdag sem haldinn var í janúar. Á þeim skipulagsdegi fór starfsmannahópurinn saman yfir það hvað væri gott við leikskólann okkar, bæði í leikskólastarfi og sem starfsmannahópur og hvert við vildum stefna í þeim málum. Við áttum mjög góða starfsdaga og telur undirrituð að þeim hafi verið vel varið í þessa vinnu.

Í maí mánuði var Menntastefnumót haldið á vegum SFS og þá fengum við meðal annars fræðslu og kynningu á verkefnum sem leikskólar Reykjavíkurborgar hafa unnið að í tenglum við menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Fyrir komandi starfsár verður innleiðing á *Lubbi finnur málbein* og fáum við námskeið í leikskólann á starfsdegi í október.



Skyndihjálparnámskeið er einnig á döfinni hjá okkur en ekki er komin tímasetning fyrir það.

Við höfum ekki sett niður fleiri námskeið eða fræðslu sem kemur inn í skólann en við stefnum að því að finna gagnlega fræðslu sem nýtist starfsfólki og börnum sem best. Vonandi náum við að senda starfsfólk á fræðslufundi sem verða í boði.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á liðnu skólaári var lítið um starfstarf við aðra leik- og grunnskóla og frístundamiðstöðvar. Það skipulag sem var frá fyrra ári hélst ekki eins og vonast var til nema að mjög litlu leyti og er það vegna þeirra takmarkanna sem var í samfélaginu vegna Covid. Í júní mánuði fóru börnin í elsta árgangi í heimsókn í Breiðagerðisskóla og frístundaheimilið hjá skólanum. Í júní komu skólastjórnendur Breiðagerðisskóla og hittu hópstjóra/deildastóra Vesturdeildar og átti þau gott spjall um þá nemendur sem eru að fara í skólann. Var það í fyrsta skipti sem það var gert og var þá jákvæð upplifun fyrir alla aðila. Eins gátu skólastjórnendur ekki hist og skipulagt samstarf komandi skólaárs en stefnt er að því að hittast í ágúst mánuði til að ræða samstarf og setja niður skipulagða daga í samstarfi okkar á milli. Gera má ráð fyrir að samstarfið verði með svipuðum hætti skólaárið 2021-2022.

8 Foreldrasamvinna

Við leggjum mikla áherslu á að eiga í góðri samvinnu við foreldrahópinn og reynum að koma til móts við hann eins og kostur er. Tveir stórir viðburðir eru á skólaárinu þar sem óskað er sérstaklega eftir þátttöku foreldra og eru það viðburðirnir „Kakó í garðinum“ sem er á aðventunni og fer fram kl.9:00 í skreyttum garði skólans þar sem boðið er upp á kakó og smákökur, börnin syngja og synir Grýlu koma í heimsókn. Svo er sumarhátíðin okkar sem er fyrir 17.júní og er það unnið í samvinnu við foreldrafélagið sem kostar leiksýningu eða sprell í garðinn. Grillaðar eru pylsur og átt notalegan seinnipart saman í garði skólans.

Foreldrasamvinna nýrra foreldra hefst formlega þegar ný börn byrja í aðlögun og erum við með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru að minnsta kosti með barninu sínu fyrstu þrjá dagana. Þarna gafst gott tækifæri til að kynnast foreldrum og þeir að kynnast starfsfólki og öðrum foreldrum.

Í febrúar fögnum við degi leikskólans með því að hafa „opna viku“ en þá bjóðum við foreldrum að koma og taka þátt í okkar daglega starfi og hefur alltaf verið góð þátttaka foreldra í þessari viku, en eins og áður hefur komið fram voru takmarkanir í samfélaginu og ekki hægt að halda þessa viku á síðasta skólaári.



Stjarna vikunnar er hlutverk sem hvert barn fær í eina viku yfir vetrartímann og hvetjum við foreldra til að taka þátt, koma og lesa og jafnvel kynna starf sitt eða bjóða í vinnustaðaheimsókn. Á síðasta ári var engin stjarna vikunnar meðal annars vegna takmarkanna í samfélaginu t.d mátti bangsinn ekki fara heim til barnanna, foreldrar máttu ekki koma inn í hús á tímabili svo eitthvað sé nefnt en verður sannarlega tekið aftur upp í haust þar sem Covid staðan í samfélaginu lítur mun betur út.

Vikulega senda deildarstjórar tölvupósta til foreldrar með helstu upplýsingum um líðandi viku og hvað sé fram undan í skólastarfinu.

Önnur skipulögð foreldrasamvinna eru þrír fulltrúar foreldraráðs og búið er að sameina foreldraráð og foreldrafélag þ.e. núna eru tveir fulltrúar foreldraráðs einnig í stjórn foreldrafélagsins. Samskipti fara að mestu fram rafrænt. Foreldrafélag er starfrækt og hafa verið í því fimm fulltrúar foreldra auk tengiliðar við leikskólann. Enginn aðalfundur var haldinn á síðasta ári en stefnt er á að hafa aðalfund foreldrafélagsins í lok september eða byrjun október.

Í byrjun júnímánaðar vorum við með kynningarfund fyrir nýja foreldra leikskólans. Fundurinn var vel sóttur af foreldrum en stjórnendur gerðu endurmat eftir kynningarfundinn og munum við betrumbæta þau atriði sem hefðu mátt fara betur, s.s að gera ráð fyrir túlkapjónustu og ítarlegri upplýsingar fyrir komandi aðlögun.

Fyrirhugað var að halda foreldrakynningu fyrir foreldra frá KVAN, sem var í tengslum við námskeiðið sem starfsfólk fékk frá KVAN en fyrirförst vegna Covid aðstæðna.

Foreldraviðtöl er háttað á þann veg í Garðaborg að foreldrum er boðið viðtal í afmælistánuði barnsins en einnig er boðið upp á lokaviðtal áður en barn lýkur skólagöngu sinni. Jafnframt geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali við deildarstjóra ef þeir óska eftir því. Við notuðum alltaf túlkapjónustu þar sem við átti.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar í Garðaborg veturinn 2021-2022

Mánudaginn 23.ágúst

Miðvikudaginn 6.október

Föstudaginn 19.nóvember (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Mánudaginn 24.janúar (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Þriðjudaginn 22.mars (sameiginlegur dagur í hverfinu)

Mánudagurinn 23.maí

Hér má nálgast leikskóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022.

[skoladagatal-2021-2022 GARÐABORG.pdf](#)

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Garðaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elín Birna Skarphéðinsdóttir
Ragnheiður Sigvaldadóttir
Ragnhildur Lára Finnsdóttir



Starfsáætlun Garðaborgar - Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Garðaborgar 2020-2021 og telur hana vel til þess fallna að áfram verði haldið uppi faglegu starfi í leikskólanum.

Starf leikskólans þetta árið litaðist mikið af Covid og því kannski ekki að undra að margt í fyrri áætlunum hafi ekki staðist sem skyldi enda þurfti að haga seglum eftir vindi. Kennarar og annað starfsfólk leikskólans á hrós skilið fyrir að hafa sýnt mikinn sveigjanleika og vilja til að finna lausnir á erfiðum úrlausnarefnum, t.d. með tilkomu samkomutakmarkana þar sem þurfti að takmarka fjölda barna hverju sinni með tilheyrandi róti á hefðbundnu starfi.

Verkefnið Kynslóðir leika féll til að mynda upp fyrir en vonandi heldur það starf áfram, það hefur verið vel í það tekið bæði af eldri borgurum sem og börnunum og er gott tækifæri til að skapa tengsl milli kynslóða.

Heimsóknir barnanna í Víkingsheimilið voru vel heppnaðar og vel til þess fallnar að ýta undir vináttu barnanna og auka samfélagskennd þeirra með því að kynna sér nærumhverfi sitt með þessum hætti. Einnig teljum við þetta tækifæri til að kynna íþróttastarf hverfisíþróttafélagsins fyrir börnunum, óháð fjölskylduaðstæðum eða áhuga foreldra á íþróttastarfi.

Langþráð bæting og breyting á aðstöðu Garðaborga varð loks að veruleika eftir áralangt ákall bæði starfsfólks og foreldra. Útisvæði er fallett og vel heppnað, og ekki má gleyma að fjarlægðar voru skilgreindar slysaðættur svo sem eins og jarðsig á leikvelli sem skapaði drukknunarhættu í leysingum. Einnig hefur skólinn fengið nauðsynlegt viðhald og vonandi að sú vinna haldi áfram þar til viðunandi niðurstaða næst enda getur langvarandi viðhaldsleysi og hálfkláruð verk verið skammgóður vermir. Reynslan hefur sýnt að erfitt getur verið að uppræta afleiðingar leka svo sem sagga og myglu ef ekki er vandað til verka strax.

Heimsfaraldur vegna Sars-Covid-19 sem nú hefur skekið okkur frá því ársbyrjun 2020 hefur afhúpað ýmislegt sem betur mætti vissulega fara. Upplýsingagjöf milli leikskólans og foreldra hefur hingað til mikið byggt á óformlegu spjalli í fataklefanum. En þegar klippt er á þau samskipti er úr vöndu að ráða og þarf þá að grípa til annarra leiða. Óánægja með samskiptaleyfi á tímabilinu virtist vera hávæðari á Austurdeild (yngri börn) fremur en Vesturdeild (eldri börn) og er það kannski vegna styttri tengsla milli foreldra og kennara. Tryggja þarf betri upplýsingagjöf milli leikskóla og foreldra, sér í lagi kom það í ljós nú þegar óhefðbundnari samskiptaleiðir rofnuðu. Hvetjum við eindregið til að unnið verði að því að



finna samskiptum farveg með fjölbreyttustu leiðum. Á sama tíma vonum við að óformlega spjallið í fataklefanum haldi áfram óheft inn í ókomna framtíð.

Starfsmannavelta leikskólans hefur verið nokkur og svo ör skipti starfsmanna er slæm fyrir samfelli í faglegur starfi sem og álag á nemendur, sem þegar urðu fyrir nokkrum óróa vegna breyttra ferla í heimsfaraldri. Nú þarf að halda vel utan um starfsmannahóp leikskólanna sem hafa unnið þrekvirki að sinna okkar minnstu borgurum og búa þeim öruggt skjól í ótryggum heimi í heimsfaraldri. Stytting vinnuvikunnar framfaraskref og ánægjuleg svo fremi sem framkvæmd hennar skapar ekki auka álag á þá starfsmenn sem ekki nýta sér styttinguna hverju sinni.

Foreldraráð styður viðleitni nýs leikskólastjóra að styrkja og styðja við vinnustaðamenningu innan okkar litla leikskóla. Ekki má gleyma að vellíðan starfsfólks og símat á upplifun starfsfólks stuðlar að bættri menningu innahúss sem vonandi styður við jákvætt og framsækið faglegt starf þar sem hagsmunir barnanna eru í forgrunni.

Það er von okkar sem í foreldraráði sitjum að komandi starfsvetur verði hefðbundnari en verið hefur síðasta eina og hálfa árið og að skilgreindir starfshættir og kennsluáætlun verði í forgrunni í faglegu starfi Garðaborgar.

F. h. foreldraráðs

Ragnheiður Sigvaldadóttir
Ragnhildur Lára Finnsdóttir
Elín Birna Skarphéðinsdóttir

F.h leikskólans Garðaborgar
Reykjavík, 30.06.2021

Elín Björk Einarsdóttir
Leikskólastjóri



